



Undirritaður var settur í embætti þann 25.september á umdæmisþinginu á Höfn í Hornafirði og tók ég síðan foemlega við 1.október.

Hef ég átt gott samstarf við Atla fráfarandi og einnig við Ómar Hauks á Siglufirði en hann ætlar að halda áfram að sjá um færslu á bókhaldi okkar sem og undanfarin ár. Fjárhagsnefnd hefur einnig hjálpað mér að leysa þau mál sem hafa komið upp.

Ragnar leitaði til mín fyrir um ári síðan og spurði hvort ég væri til í að taka þetta verkefni að mér, ég sagðist ætla að skoða þetta aðeins og hringdi til að leitaði mér upplýsingar á því hvernig mann hann hefði að geyma. Fékk þau svör að Raggi væri flottur, og ábyggilega gott að starfa með honum. Hringdi ég til baka skömmu síðar og sagði já. En ég áttaði mig ekki á að sá sem ég ræddi við væri hans einn besti félagi, en Andrés sagði samt satt og rétt frá, Raggi er hinn besti peyji.

Allt hefur þetta gengið vel og eiga allir að vera búnir að fá reikninga vegna greiðslu 60% umdæmisgjalda og Kiwanisfrétta. Eindagi á því er 1.desember. Sumir er þegar búnir að borga og er ég klár á að restin kemur á réttum tíma. Síðan er greiðlsan á erlendu gjöldunum á eindaga í janúar en þeir reikningar koma erlendis frá. Höfum við sent bréf með ósk um hvort við fáum þann afslátt sem við höfum fengið undanfarin ár og fáum við ekki svar fyrr en um miðjan janúar og þá yrði greiddur mismunur til baka. Við eigum ekki von á að þetta verði samþykkt.

Með kveðju og von um áframhaldandi góð kynni og gott samstarf

Umdæmisféhirðir
District Treasurer

Birgir Sveinsson
Skólavegi 26
Hs 481-2666 Gsm 897-6665
Netfang: umdaemisfehirdir@kiwanis.is
Kiwanisklúbburinn Helgafell



HJÁLPUM BÖRNUM HEIMSINS